

Skýrsla stjórnar - Aðalfundur 2019

Á aðalfundi Kynjakatta 2018 létu þær Sunna Ingvarsdóttir varaformaður og Jóna Dögg Sveinsdóttir ritari af störfum í stjórn. Við þökkum þeim innilega fyrir þeirra störf í þágu félagsins.

Í þeirra stað komu Helga Karlsdóttir sem varaformaður og Birna Hrafnisdóttir sem ritari, einnig hlaut Anna María Moestrup endurkjör í stöðu gjaldkera og Jósteynn Snorrason kosinn sem sýningarstjóri.

Við endurskoðun reikninga og gerð ársreikninga fyrir 2017 urðu miklar tafir bæði vegna þess hvernig uppgjörið var árið áður fyrir 2016 og það var verið að flytja bókhaldið okkar á milli bókhaldskerfa. Varð þetta til þess að stjórn fékk ekki ársreikning í hendurnar fyrr en rétt fyrir fund og var hann því samþykktur eins og hann var af stjórn og aðalfundi með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna.

Skoðunarmenn fengu og samþykktu reikninga eftir fund.

Við gerð ársreiknings fyrir 2018 kom í ljós að betur hefði mátt flokka reikninga á bókunarlykla árið áður og skýrir það mikinn mun milli ára á einstökum liðum í ársreikningi nú en ársreikningur var tilbúinn í lok febrúar í ár og sýnir það vonandi að við erum að ná betri tókum á bókhaldi félagsins.

Stjórn varð að leita til vara endurskoðanda félagsins til Spánar að þessu sinni og hafa framlagðir reikningar hlotið skoðun.

Núverandi stjórn tók við völdum eftir aðalfund.

Stjórn hittist eða hélt fundi á netinu nokkrum sinnum á síðasta starfsári en mikil samskipti voru netleiðis og ýmis mál leyst þannig líkt og tíðkast hefur síðustu ár.

Helstu viðburðir félagsins eru sýningarnar og haustið 2018 voru sýningarnar haldnar í geymslu húsnæði upp á Ásbrú og vorið 2019 voru þær í reiðhöllinni í Grindavík, báðir staðirnir útheimtuðu mikla vinnu við að gera þá sýningarhæfa og að vana lenti það af stórum hluta á fáum einstaklingum.

Sýningarnar sjálfar gengu vel fyrir sig og flestir ef ekki allir sem komu að þeim fóru nokkuð sáttir heim.

Í lok febrúar í ár barst MAST kvörtun eða kæra vegna sýninga Kynjakatta sem leiddi til skoðunar MAST á sýningarhúsnæði okkar í Grindavík og vinnulagi við sýningar. Formaður Kynjakatta og Guðbjörg Hermannsdóttir tóku á móti starfsmönnum MAST og svöruðu öllum þeirra fyrirspurnum og sýndu þeim húsnæðið, engar athugasemdir komu fram í þessari heimsókn. Strax eftir sýningu barst okkur skýrsla án

athugasemda og með þeim skilaboðum að utanumhald og reglur sem við fylgðum væru til fyrirmyndar.

Í tengslum við sýningarnar gáfu Kynjakettir út fréttablöð sem innihéldu ýmsan fróðleik og greinar en einnig var þar að finna sýningarskrá fyrir sýningarnar. Í byrjun árs voru rit og auglýsingarnefnd sameinuð til prufu og reyndist það vel.

Formaður Kynjakatta fór sem fulltrúi Kynjakatta á aðalfund FIFé sem haldin var í Monte Gordo í maí 2018 og verður einnig fulltrúi okkar í Bratislava í lok maí.

Gagnagrunnurinn hefur sannað sig á síðustu sýningum okkar og hafa þau Helga Karlsdóttir og Magnús Ágúst Magnússon unnið hörðum höndum í þessu stóra verkefni, einhver áform eru um stórar breytingar á honum í sumar og vonandi fáum við að prófa útgáfu 2 á haustsýningum í ár.

Breyting verður á stjórn Kynjakatta á aðalfundi 2019 þar sem Sigríður Þóra Gabrielsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þökkum við hennar starf í þágu félagsins og samstarfið síðustu tvö ár.

Að lokum vill stjórn þakka skráningarstjóra og öðrum sem hafa lagt hönd á plóg fyrir okkar litla félag fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd stjórnar.
Sigurður Ari Tryggvason
Formaður Kynjakatta